

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-86/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 1. október 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um þjónustu sem hún keypti af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi ekki lokið við verkið og krefst endurgreiðslu á hluta þeirrar greiðslu sem seljandi fékk greidda.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi keypt þjónustu af seljanda vegna vinnu sem framkvæma átti á heimili hennar. Samkvæmt verklýsingu fólst verkið í því að lagfæra rakaskemmd á horni útveggs í stofu, hreinsa þar upp, múrað við þornun og grunna. Þá átti að endurnýja sturtu með bogadregnum botni að stærð 80x80. Endurnýja átti hluta af flísum á svæði sem er 0 til 2,5 fermetrar í sömu flísum og fyrir eru. Opna átti fyrir glugga á baði sem var lokaður með flísun og endurnýja tvö opnanleg fög á baðherbergi. Fast verðtilboð var 570.000. Álitsbeiðandi hefur þegar greitt að mestu fyrir verkið en af gögnum málsins má ráða að seljandi hafi dregið verklok verulega og að endingu ekki klárað verkið. Álitsbeiðandi fékk því annan aðila til að klára verkið og krefst endurgreiðslu af hluta þeirrar fjárhæðar sem hún hefur greitt til seljanda.

Viðskipti aðila áttu við stofnun þeirra undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Bú seljanda var hins vegar tekið til gjaldþrotaskipta þann 19. október 2016 og lauk skiptum þann 12. janúar 2017. Félagið var afskráð þann 24. mars 2017. Frá því að búið var tekið til gjaldþrotaskipta fór skiptastjóri með forræði búsins og var kröfuhöfum, líkt og álitsbeiðanda, rétt að lýsa kröfum sínum í búið samkvæmt ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Af framangreindu leiðir að álit kæruneftndar hefur enga þýðingu. Nefndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kæruneftndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson